

og hafi honum því verið skylt að bæta úr þeim göllum án endurgjalds. Gegn mótmælum stefnanda hefir stefndur þó ekki sannað, að bilunin hafi orðið af þessum orsökum né yfirléitt, að smíði á öxlinum í febrúar og niðursetningin á honum hafi á nokkurn hátt verið óforsvaranlega af hendi leyst. Verður því að telja, að stefnandi eigi kröfu til þess að fá endurgjald fyrir viðgjörðina í marz, þá er stefnt er út af.

Varakröfuna byggir stefndur á því, að hann sé aðeins eigandi að $\frac{1}{4}$ í nefndum vélbát og beri honum því eigi skylda til að greiða meira en sinn hluta af viðgjörðarkostnaðinum, og vitnar hann í því efni í 22. gr. siglingalaganna frá 1914. Stefndur hefir nú að visu lagt fram vottorð um það, að samkvæmt afsals- og veðmálabókum Vestmannaeyjakaupstaðar séu, auk hans, þrír eigendur að bátnum, en hinsvegar hefir hann ekki upplýst, að neirn þeirra hafi verið kosinn útgjörðarstjóri, enda þótt sókn stefnanda gæfi tilefni til þess, að hann skýrði frá, hvort svo væri eða ekki. Verður því að álíta að stefnanda hafi verið heimilt að lögsækja stefndan einan til greiðslu á skuldinni, sbr. 15. gr. ofangreindra siglingalaga, enda hafði hann skömmu áður en hin umstefnda skuld var stofnuð komið fram gagnvart stefnanda sem útgjörðarstjóri bátsins eða einkaeigandi.

Af framangreindum ástæðum ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 21. marz 1930.

Nr. 51/1929.

Valdstjórnin (Magnús Guðmundsson)
gegn

August Löwner (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 27. marz 1929: Kærði, August Löwner, á innan fjögura vikna að greiða 15000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, en sæta 8 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Edward Richardson, P. G. 328 frá Geestmünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Enn-

fremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 24. marz f. á. var varðskipið Óðinn á ferð austur með Söndum nálægt Ingólfshöfða, sást þá kl. 5,30 siðdegis botnvörpuskip, sem stefndi að landi með hægri ferð. Fjórum mínútum síðar sneri botnvörpungurinn við út frá landi og 6 mínútum síðar, kl. 5,40, var skipið komið á fulla ferð. Kl. 5,41 sást frá varðskipinu belgur í kjölvatni togarans og reyndist sá staður samkv. mælingu varðskipsins 0,9 sm. innan landhelgislinunnar. Kl. 5,42 setti varðskipið upp stöðvunarmerki og var botnvörpungnum jafnframt gefið merki með eimpípunni; kl. 5,43 var blásið aftur með eimpípunni; kl. 5,45 var skotið lausu skoti og þremur mínútum síðar var aftur skotið lausu skoti; kl. 5,50 var skotið kúluskoti fyrir framan botnvörpunginn og þá loksins nam hann staðar. Kl. 5,53 var varðskipið komið að togaranum, sem reyndist vera P. G. Edward Richardson frá Geestemünde, og var þá staður hans 0,7 sm. utan landhelgislinunnar.

Við rannsókn á togaranum kom það í ljós, að hann hafði mikinn fisk á þilfari og var sumt af honum lifandi, bæði þorskur, ufsi, koli og steinbítur.

Engin varpa var á stjórnbörðshlið, en við rannsókn málsins vísaði kærði á botnvörpu, sem þó vantaði botninn í, er hann kvaðst hafa notað í síðasta drætti, þegar fiskur sá var veiddur, sem var á þilfari skipsins, að því er hann heldur fram tæpum 2 tímum áður en hann var handsamaður, en með því að þessi varpa var samkvæmt eiðfestum framburði 3ja vitna þur innan, getur þessi framburður kærða ekki verið

réttur. Með því nú kærði hefir ekki getað vísað á önnur veiðarfæri, sem hann hafi notað til þess að veiða með fisk þann, er var á þilfarinu, þykir það ljóst, að kærði hefir sleppt í sjó því veiðarfæri, er hann hefir notað til þessa, enda bendir ýmislegt annað í þessa átt, svo sem nánar er fram tekið í lög-regluréttardóminum.

Að þessu athuguðu svo og því, að kærði hefir enga sennilega grein gjört fyrir því, hvers vegna hann var svo langt inn á landhelgissvæðinu, að hann sneri út frá landi þegar, er hann varð var við varðskipið, að hann skeytti ekkert um stöðvunarmerki varðskipsins, heldur hélt út frá landi með fullri ferð meðan fært þótti, þá þykja framkomnar nægilegar likur fyrir því, þrátt fyrir neitun kærða og þrátt fyrir framburð þeirra manna af skipshöfninni, er leiddir hafa verið, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum, er varðskipið sá skip hans kl. 5,30, og að kærði til þess að leyna broti sínu, hafi sleppt botnvörpunni í sjó kl. 5,40, er hann fór á fulla ferð út frá landinu, og verður því að telja hann sannan að sök um brot á 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglu-réttardóm, þó með þeirri breytingu, að refsing kærða ákveðst 13000 kr., og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 150 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í héraði er það að athuga, að ekki var næg ástæða til að setja eitt vitnið, hásetann, W. Balkus, í gæzluvarðhald, þótt rétt þætti að einangra hann frá öðrum skipsmönnum nokkrar klukkustundir meðan stóð á rannsókninni.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, August Löwner, sæti 13000 kr. sekt til Landhelgisjóðs Íslands, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á lögregluréttardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jón Ásbjörnssonar, 150 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað gegn August Löwner skipstjóra á togaranum »Edward Richardson«, P. G. 328 frá Geestemünde, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 24. þ. m. kl. 5,30 sást af varðskipinu »Óðni« togari, sem stefndi að landi með hægri ferð. Fjórum mínútum síðar snýr togarinn við og út frá landi og er sýnilegt 6 mínútum seinna, að hann er kominn á fulla ferð. Athugast frá »Óðni« mínútu seinna (kl. 5,41), að belgur er í kjölvatni togarans og reyndist sá staður, sem hann var á 0,9 úr sjómilu innan landhelgislinunnar. Togari þessi reyndist vera togarinn »Edward Richardson«, sem kærði er skipstjóri á. Þegar komið var að togaranum 12 mín. síðar, eftir að hann hafði verið stöðvaður með flaggmerki, eimpípublæstri, tveim lausum skotum og loks einu kúluskoti, var hann kominn 0,7 úr sjómilu út úr landhelginni. Við rannsókn um borð í togaranum kom í ljós ýmislegt, er þótti benda til þess, að skipstjóri hefði verið

að ólöglegum veiðum. Þessar grunsemdir og aðrar, sem komið hafa í ljós undir rannsókn málsins, eru þessar helztar.

1. Á þilfarinu sást mikið af fiski og sumir lifandi, m. a. nokkuð af lifandi þorski, ufsi og koli. Samkvæmt skýrslu kærðs, er styðst við vitnisburð nokkurra manna af skipi hans, eiga fiskar þessir að hafa komið á skipið í togi ca. 2 klukkustundum áður en menn af »Óðni« athuguðu þá. Sé miðað við rannsókn um borð í fiskirannsóknarskipinu »Dana« árið 1922 og í »Þór« 1908, getur þetta alls ekki verið rétt. Enda þótt talið sé að lífsskilyrði í þetta sinn hafi verið ágæt fyrir fiska þessa, vegna súldar og rigningar, verður ekki álitíð, að tvær klukkustundir hafi verið liðnar frá því að þeir komu úr sjónum, sérstaklega ekki rauðsprettarnar.

2. Varpa sú, sem kærði hefir haldið fram að hafa notað síðast og togað með ca. 2 klukkustundum áður en skip hans var stöðvað af »Óðni«, reyndist þur að innan, þar sem hún var bundin saman og upp. Stórrigning hafði gengið með köflum næstu stundirnar á undan og var varpan vot að utan. Þrjú vitni af varðskipinu »Óðni« hafa borið um þetta ásigkomulag vörpunnar og staðfest framburð sinn með eiði.

3. Einnig hafa tvö vitni unnið eið að og önnur tvö vitni borið, að varpa þessi hafi verið bætt með garni, sem áreiðanlega hafi ekki í sjó komið. En þetta virðist mega sjá með sæmilega ábyggilegri vissu af útliti hnúta og garnsins sjálfs að öðru leyti.

4. Við rannsókn á vörpunni gjörðri hér á höfninni fundust í henni leifar af drafúldnum kolum, sem er afar ósennilegt að hefðu getað haldizt þar, eftir að búið var að toga með vörpunni 2—3 klukkustundir.

5. Enginn poki var á vörpu þessari og hvorki botnrúllur né fótreipi fundust, er henni tilheyrðu. Hefir kærði skýrt þetta með því, að pokinn og fótreipið hafi verið skorið frá, þetta var lélegt og nýtt átti að koma í staðinn, því halda átti þegar til heimferðar. Þessi skýring er ekki sennileg og a. m. k. mjög óvenjulegt ásigkomulag botnvörpu, sem að sögn kærða alls ekki hafði verið notuð nema þetta eina sinn eftir að hún kom um borð. Mátti því búast við, að pokinn a. m. k. hefði endst betur og ekki verið ónýttur eftir eitt tog.

6. Lásar voru hvorki í vírunum né hlerum þeim, sem sagt var, að hefðu verið notaðir í síðasta togi, og riðskóf svo

mikil á hlerum þessum, að mjög virðist ósennilegt að þeir hafi verið notaðir nýlega eins og kærði heldur fram.

7. Kærði hefir alls ekki á fullnægjandi hátt gjört grein fyrir veru sinni á landhelgissvæðinu. Það er út af fyrir sig ávalt mjög grunsamlegt, þegar togari er þar á sveimi og hefir mikinn fisk í sér, eins og um er að ræða í þessu tilfelli, og jafnvel lifandi fisk á þilfari. En þar við bætist, að skýring kærða að hafa farið upp að landi til þess að taka miðanir kemur illa heim við framburð hans sjálfs og vitna af skipi hans um hreyfingar skipsins síðustu tvær klukkustundirnar og við það, að alls engar miðanir voru teknar.

8. Merki voru á vindunni, sem virtust bera vott um að meiri vir hefði verið á henni nýlega, en nú var sýnilegur og rúllurnar þesslegar, að vírar hefðu nýlega leikið á þeim.

9. Það er sennilegra, að kærði hefði fyrst látið gjöra að fiskinum og síðan komið veiðarfærunum fyrir, ef hann var að búa sig undir heimferð.

Á móti þessum mörgu og miklu líkum kemur eindregin neitun kærða og vitnisburðir nokkurra skipsmanna hans, um að hann skýri rétt frá og hafi ekki verið að toga meðan þeir af »Óðni« sáu hann þarna á landhelgissvæðinu, heldur fyr um daginn.

Dómarinn tekur fram, að enda þótt það sé sjálfsgöð regla almennt, að nota sjónarvotta til þess að bera vitni og eiðfesta framburði sína til úrslita, þegar tök eru á og láta þá ekki líkur ráða, hefir hann þó ekki talið það rétt í þessu tilfelli að fylgja þeirri almennu reglu og eiðfesta vitnin af »Edward Richardson«.

Dómarinn litur svo á, að bæði séu framkomnar líkur svo margar og miklar, að tæplega þurfi vitnanna við, og svo geti það varla talizt líkur, heldur miklu fremur full sönnun, að varpa sú reyndist að nokkru leyti þur, samkvæmt eiðfestum vitnaframburðum, sem átti að sögn kærða og skipsmanna að hafa verið notuð örfáum klukkustundum áður og á því timabili verið síðan úti í súld og rigningu. Auk þess ber að líta á það, að vitnin eru tæplega óvilhöll, þar sem þau eru bæði í þjónustu kærða og hafa eftir því, sem upplýst er, fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu.

Af þeim ástæðum, sem að framan eru raktar, verður rétturinn að telja sannað, þrátt fyrir neitun kærða og framburði skipsmanna hans, að hann hafi togað á landhelgissvæðinu

umrætt sinn, er þeir af »Óðni« sáu skip hans þar, og að hann með þessu hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Með tilliti til þess að eftir framansöguðu verður að álíta, að kærði hafi gjört fyrirhugaðar ráðstafanir til þess að fela brot sitt, ef svo bæri undir, og reynt á mjög svo ákveðinn hátt að komast undan að bera ábyrgð á því, þykir verða að ákveða refsing hans þyngri en eila. En þar eð hér er um fyrsta brot hans á áðurnefndum lögum að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi einnar krónu er 0,8170 úr gullkrónu, þykir mega ákveða refsinguna sekt að upphæð kr. 15000.00 í Landhelgissjóð Íslands, sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi faist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara verða upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 24. marz 1930.

Nr. 103/1929.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
gegn

August Löwner (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 22. maí 1929: Kærði, August Löwner, á að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð 16000 krónur innan fjöggra vikna. En faist sektin ekki greidd ber kærða að afplána hana með 8½ mánaðar einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Edward Richardson, P. G. 328 frá Wesermünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi lögregluréttarins, kom varðskipið Þór að skipi kærða